

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Óðinstorg, reitur 1.181.0.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 28. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.181.0. Breyting er til að skilgreina borgartorg á skilgreindu svæði við Óðinstorg þar sem bílastæði eru í dag og fella niður lóðina nr. 8a við Týsgötu sem verður hluti af nýja torginu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Klapparberg 7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 13. júlí 2018 breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 3, austurdeild, vegna lóðarinnar nr. 7 við Klapparberg. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar til vesturs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 26. júlí 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. ágúst 2018